



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

9. apríl 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum (nefnd lögð niður, takmörkun tilkynningarskyldu), 392. mál.**

Samtök atvinnulífsins fagna þessu frumvarpi en með því er ætlunin að leggja niður nefnd um erlenda fjárfestingu og afnema almenna tilkynningaskyldu vegna erlendrar fjárfestingu. SA hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Samtökin veittu þann 20. febrúar sl. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu umsögn um drög að frumvarpinu þar sem sama afstaða kom fram.

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í svokallaðri fjárfestingarvakt sem lagði fyrir ráðherra í júní 2013 ítarlegar tillögur um úrbætur sem ætlað er að hvetja til aukinnar erlendrar fjárfestingar og tóku þátt í mótun tillagnanna og styðja að þeim verði hrint í framkvæmt.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður.